

Ráðstefnur og fundir

8. október

Akureyri.
Haustþing Læknafélags Akureyrar og Norðausturlandsdeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Efnir: Endurhæfing. Nánari upplýsingar hjá Ingvari Þóroddssyni, ingvart-h@fsa.is og Gígju Gunnarsdóttur, giga@fsa.is

20.-21. janúar 2006

Stavanger.
Ársfundur NUGA (Nordic Uro-Gynecological Association). Sjá nánar á slóðinni: www.nuga.no Netfang: bef@sir.no

26.-28. maí

Reykjavík.
Árlegt þing Scandinavian Society for the Study of Diabetes.
Umsjónaraðili er Félag um innkirtlafræði. Sjá www.innkirtlar.org

9.-11. júní

Selfossi.
XVII. þing Félags íslenskra lyflækna verður haldið á Hótel Selfossi. Skipulagningu annast: Menningarfylgd Birnu ehf, s. 862 8031, netfang: birna@birna.is
Athugið breytta dagsetningu frá fyrri auglýsingu!

27.-31. ágúst

Flórens, Ítalíu.
Frá Wonca, efnið er Towards Medical Renaissance, – sjá slóðina: www.woncaeuropa2006.org

8.-15. september

Washington og Anchorage í Alaska.
Sjöunda ráðstefna Wonca um Rural Health og ber heitið: Transforming Rural Practice Through Education. Sjá nánar á slóðinni: www.ruralwonca2006.org

11.-14. október

Buenos Aires, Argentínu.
Ráðstefnan: Pursuing Equity and Efficiency in Healthcare: The Role of the Family Doctor. Sjá nánar á slóðinni: www.aamf.org.ar

5.-9. nóvember

Bangkok í Tælandi.
15. þing Asíu/Kyrrahafsdeildar Wonca undir heitinu: Happy and Healthy Family. Sjá www.thaifammed.org

11.-15. desember

Vancouver í Kanada.
Wonca Americas Region/Family Medicine Forum, þing sem heitir: Preparing for Tomorrow. Sjá www.cfpc.ca

Frágangur fræðilegra greina

Höfundar sendi tvær gerðir

handrita til ritstjórnar Læknablaðsins, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu samþykkir lokaformi greinar og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með tvöföldu línubili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir, lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Töflur og myndir skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf komi á rafrænu formi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með, ekki er hægt að nýta myndir úr PowerPoint eða af netinu.

Eftir lokafrágang berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti.

Sjá upplýsingar um frágang fræðilegra greina: www.laeknabladid.is/bladid

Umræðuhluti

Skilafrestur efnis í næsta blað er 20. undanfarandi mánaðar nema annað sé tekið fram.

Árþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands 2006

verður haldið á Akureyri 31. mars-1. apríl.

Á næsta ári eru 150 ár liðin síðan fyrsta skurðaðgerðin var gerð í svæfingu á Íslandi. Aðgerðin fór fram á Akureyri árið 1856 og því verður árþingið haldið þar.

Dagskrá og nánari upplýsingar um þingið verður í næsta Læknablaði.

Girsh Hirlekar forstöðulæknir svæfingar- og gjörgæsludeildar FSA gefur frekari upplýsingar, girsh@sa.is

Vísindasjóður Félags íslenskra heimilislækna

Vísindasjóður Félags íslenskra heimilislækna úthlutar styrkjum til vísindarannsókna tvisvar á ári. Umsóknir fyrir haustúthlutun 2005 þurfa að berast sjóðnum fyrir 20. október næstkomandi og ber að skila rafrænt á þartilgerðum eyðublöðum ásamt rannsóknar- og fjárhagsáætlunum, eða framgangsskýrslu ef um endurumsókn til sama verkefnis er að ræða.

Lög vísindasjóðs eru á heimasíðu FÍH. Nánari upplýsingar veitir undirritaður johsig@hi.is

Umsóknir sendist til:

Vísindasjóður Félags íslenskra heimilislækna
b/t Jóhanns Ág. Sigurðssonar,
ritara vísindasjóðs FÍH,
Heilsugæslustöðinni Sólvangi,
220 Hafnarfirði.